

Miðvikudaginn 27. apríl 1938.

Nr. 101/1937. **Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar**
ríkisins (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn
Péttri Guðmundssyni
 (Pétur Magnússon).

Ágreiningur um slit á ráðningarsamningi vélstjóra á skipi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess, að fjárhæð sú, er hann var dæmdur til að greiða, verði lækkuð niður í kr. 137.70, og að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum.

Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta hann. Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins, greiði stefnda, Péttri Guðmundssyni, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 4. júní 1937.

Í samtali 6. okt. f. á. tjáði stefndur í þessu máli, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, stefnanda, Péttri vélstjóra Guðmunds-syni, að þar sem hann hefði neitað að taka við stöðu sem aðstoðarvélstjóri á v/s Ægir, þá verði hann ekki talinn lengur starfsmaður hjá útgerðinni.

Með því að stefnandi, sem var 3. vélstjóri á Ægir, taldi sér bera 3ja mánaða uppsagnarfrest, hefir hann með stefnu dags. 25. jan. þ. á. höfðað mál þetta gegn stefndum til greiðslu kaups fyrir þessa þrjá mánuði, auk tveggja annara pósta, og sundurliðar stefnandi kröfu sína þannig:

1. Ógreidd laun fyrir 1 dag (6. okt.)	kr.	15.36
2. Þriggja mánaða laun frá 6. okt. ásamt fæðispeningum 90 kr. á mánuði (549×3) ..	—	1647.00
3. Aukakaup fyrir sumarfrí (15.30×8)	—	122.40
	Kr.	1784.70

Þessa upphæð krefst stefnandi, að stefndur verði dæmdur til að greiða með 5% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, og nemur hann samkv. framlögðum reikningi kr. 176.10.

Stefndur krefst sýknu af aðallið dómkröfunnar, kr. 1647.00, en viðurkennir 1. og 3. lið kröfunnar rétta, enda kveður hann, að stefnandi hafi átt kost á að fá þessar kr. 137.70 greiddar hvenær sem var, og bauð hann fram greiðslu á þessu fé eftir að málið kom hér fyrir réttinn, en gegn mótmælum stefnanda hefir stefndur þó ekki sannað, að stefnandi hafi átt kost á greiðslunni eða hún verið boðin fram fyrr en áður er sagt. Stefndur krefst, að stefnandi verður dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Ágreiningurinn milli aðilja er um 2. tölulið kröfunnar, og eru málavextir samkvæmt framkomnum skýrslum þessir.

Stefnandi hafði starfað sem 3. vélstjóri á varðskipinu Ægir frá 6. maí 1931 og var hann ráðinn með kjörum samkv. samningi milli Skipaútgerðar ríkisins og Vélstjórafélagsins. Þar sem stefnandi sökum lengdar starfstima hans hjá Skipaútgerðinni var samkv. samningnum orðinn fastur starfsmaður, þar honum 3 mánaða uppsagnarfrestur. Við

það, að Óðinn var seldur úr landi, urðu fleiri vélstjórar um sinn en rúm var fyrir hjá Skipaútgerðinni, og leiddi þetta til þess, að stefnanda var sagt upp stöðu sinni 5. maí 1936 til burtfarar 5. ágúst s. á. Hinn 4. júlí fór stefnandi í sumarfrí, sem samkv. samningi hans var mánuður, en áður en sá tími var liðinn kom stefnandi aftur um borð í Ægir og var endurskráður þar í sína fyrri stöðu 27. júlí, og var þá skipið statt í Reykjavík. Í staðfestu eftirriti af lögskráningunni, sem lagt hefir verið fram í réttinum, sýnir það sig, að stefnandi er fyrst skráður „fyrir ferðina“, en síðan er það strikað út og stefndur skráður til óákveðins tíma, og segir í skránni, að þessu hafi verið breytt samkv. skilaboðum frá skipstjóra, og starfaði stefnandi síðan á skipinu til 6. okt. s. l.

Aðilja greinir á um það fyrst og fremst, með hvaða fororði stefnandi var skráður á skipið 27. júlí. Hafa bæði stefnandi og forstjóri Skipaútgerðarinnar, Pálmi Loftsson, gefið aðiljaskýrslu um þetta fyrir réttinum. Forstjórinn hefir skýrt frá á þá leið, að þann 27. júlí hafi hann fyrst gefið stefnanda kost á því að vera skráður áfram á skipinu til þeirrar ferðar skipsins, sem í hönd fór, en stefnandi hafi hafnað því eindregið. Síðar sama dag hafi stefnandi hringt forstjórann upp í síma til að ræða um atvinnu sína, og hafi það þá orðið að samkomulagi með þeim, að stefnandi skyldi vera áfram á skipinu með því móti, að hann yrði aðstoðarvélstjóri (4. vélstjóri) á Ægir, þegar lög nr. 104/1936, um atvinnu við siglingar, kæmu til framkvæmda að þessu leyti, og samkv. þessum munnlega samningi, sem fór fram í símaviðtalinu, hafi stefnandi verið endurskráður á skipið nefndan dag. Nú skyldi breytingin samkv. nýnefndum lögum fara fram í byrjun október á Ægir, en þá neitar stefnandi að rýma 3. vélstjórastöðuna og taka aðstoðarvélstjórastöðuna, og hafi stefnandi með þessu rofið hinn gerða munnlega samning og þannig sjálfur fyrirgert stöðu sinni hjá Skipaútgerðinni. Stefndur byggir því í fyrsta lagi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi gengið á gerða samninga og vikið sjálfur úr stöðu sinni á skipinu.

Í skýrslu sinni fyrir réttinum hefir stefnandi hinsvegar mótmælt því alveg ákveðið, að slíkur munnlegur samningur sem forstjórinn skýrir frá hafi verið gerður. Hann jatar það að visu, að búið hafi verið að skrá hann til ferðarinnar, en heldur því fram, að hann hafi á eftir séð, að

það kom í bága við samning Vélstjórafélagsins, þar sem stefnandi var fastur starfsmaður hjá Skipaútgerðinni, og vegna þessa hafi hann hringt til forstjórans og sagt honum, að hann vildi helst ekki fara út, nema hann væri skráður samkv. samningnum. Forstjórinn hafi þó ekki viljað ganga inn á þetta, og kveðst stefnandi þá hafa farið um borð og tjáð 1. vélstjóra, hvernig málið stæði, og hann síðan fært þetta í tal við skipstjórnann. Hafi síðan ákvæðinu um, að skráningin gildi fyrir ferðina, verið breytt í það, að hún gildi um óákveðinn tíma.

Það er viðurkennt í málinu, að endurskráningin var gerð með vitund stefnds, en hann heldur því fram, að hún hafi farið fram vegna þess, að stefnandi hafi gengið inn á að verða aðstoðarvélstjóri, þegar breyta á til, því að ella hefði skráningin komið í bága við áður framfarna uppsögn. En hvað sem um þetta er, þá hefst fyrir stefnanda 27. júlí nýtt ráðningartímabil til óákveðins tíma, og þar sem stefndum gegn mótmælum stefnanda hefir ekki tekizt, hvorki með vitnum eða á annan hátt, að sanna, að samningur hafi tekizt milli stefnanda og forstjórans í símasamtalinu 27. júlí á þann veg, sem stefndur heldur fram, verður þessi sýknuástæða ekki tekin til greina.

Í öðru lagi hefir stefndur byggt sýknukröfu sína á því, að stefndum hafi verið heimilt samkv. þar um gildandi lögum, samningum og venjum að færa stefnanda milli starfa þeirra, er hér um ræðir, og hafi stefnandi með neitun sinni glatað rétti sínum til uppsagnar með fyrirvara. Stefndur hefir þó ekki upplýst það, að nein venja hafi myndast slík sem hann heldur fram, og fyrir varðskipin er ekkert sérлагаákvæði, er heimili þetta, enda er það ákvæði, sem stefndur styður þessa sýknuástæðu við, að eins að finna í áðurnefndum samningi milli Vélstjórafélagsins og Skipaútgerðarinnar, en þar segir í niðurlagi 1. gr. svo: „Eigi lækka laun vélstjóra, þótt hann sé fluttur á minna skip,“ og 6. gr. hljóðar þannig: „Sé vélstjóri ráðinn af einu skipi ríkisins á annað, skal hann halda fullum launum, ásamt fæðispeningum, þó biða verði af þeim ástæðum. Eigi má draga af kaupum vélstjóra, þótt hann sé ráðinn á minna skip en hann hefir verið á, sé um samskonar starf að ræða, og skipt hefir verið um móti vilja hans.“

Í þessum ákvæðum felst það, að útgerðarstjóra er heimilt gegn vilja vélstjóra að flytja hann til hliðstæðrar stöðu og samskonar starfs á minna skip en hann var upphaflega ráðinn á. Aftur á móti verður ekki séð, að í nefndum ákvæðum felist það, að heimilt sé gegn vilja vélstjóra að setja hann í lægri stöðu á sama skipi og hann var ráðinn á, og þegar nú hér við bætist, að stefndur hefir ekki gegn mótmælum stefnanda fært sönnur á það, að hin nefnda aðstoðarvélstjórastaða sé samskonar starf og 3. vélstjórastaðan, verður sýkna stefnds ekki byggð á nefndum samningsákvæðum.

Eftir því, sem fram er komið í málinu, verður því að líta svo á, að stefnandi hafi hvorki samið sig frá eða fyrirgert rétti sínum til 3ja mánaða uppsagnarfrestsins, og þar sem ekki hefir verið hreyft neinum andmælum gegn upphæðinni sérstaklega, ber að taka kröfur stefnanda að öllu leyti til greina, einnig um málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins, greiði stefnanda, Péttri Guðmundssyni, kr. 1784.70, ásamt 5% vöxtum frá 25. jan. þ. á. til greiðsludags, og kr. 176.10 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. apríl 1938.

Nr. 130/1937. Pétur Magnússon f. h. eigenda e/s
Andö (Pétur Magnússon)

gegn

eigendum og vátryggjendum m/s
Víkings (Theodor B. Lindal).

Varadómari próf. Bjarni Benediktsson í
stað hrd. Einars Arnórssonar.

Árekstur.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu dags. 25. okt. 1937, að fengnu